

AUGLÝSING

um breytingu á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Hinn 9. ágúst 1994 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um breytingu á bókunum 2 og 3 við samninginn milli EFTA-ríkjanna frá 2. maí 1992 um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var í Brussel 21. mars 1994, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 32/1993, þar sem samningurinn frá 2. maí 1992 er birtur, 38/1993, 40/1995, 44/1995 og 46/1995. Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 1995.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. júlí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.